



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2020

HGSU2VE03

Kennari:	Ingvar Ingvarsson	Sk.st.	II
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing

Nemendur læra að undirbúa og sjóða TIG-MIG/MAG-og pinna á kol- og kolmangan stáli og ryðfríu stáli svo þeir geti soðið efnisþykktir 1 – 3 mm í plötu með gegnumsuðu frá annarri hlið í suðustöðum PA, PC og PF samkvæmt gæðaflokki C (ÍST EN 25817). Þeir læra að sjóða rör í láréttri og lóðréttri stöðu og þekkja notkun bakgasbúnaðar. Enn fremur verða þeir færir um að skipuleggja suðuverkefni m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi. Nemendur geta soðið eftir suðuferlislýsingum.

Undanfari: HSU 102, 202 Samhliða: HSU 302 Æskileg námsönn: 6.

Þekkingarviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja:

- gastegundir og gasblöndur sem notaðar er u við suðu á ryðfríu stáli
- bakgas og bakgasbúnað
- hlutverk hlífðargassins og réttar stillingar þess
- mismunandi gerðir rafskauta
- alla hluta suðubyssunnar og leiðara
- virkni suðutækja
- ljósbogann og mismunandi straumferla
- háspennu og hátíðnitækni í TIG-suðuvélum
- aðferðir við hreinsun á yfirborði suðu
- öryggismál:
- öryggisreglur varðandi hreinsiefni
- helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna geislunar, hita, reyks, ósonmyndunar og eldfimra efna

- hlífðarfatnað og hlífar

Leikni viðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- stilla suðutækin þannig að henti efni og suðurauf
- velja vör á eigin spýtur m.t.t. efnis og suðuraufar
- stilla gasflæði, valið gashulu og skaut m.t.t. efnis og straumstyrks
- sjóða í suðustöðum PA, PC og PF í plötu
- sjóða rör í láréttri og lóðréttri stöðu
- sjóða eftir suðuferlislýsingum
- mæla og skráð viðeigandi upplýsingar varðandi suðuverkefnið, straumstyrk, raufarstærð og aðrar upplýsingar fyrir suðuferlislýsingar
- sinna viðhaldi fylgibúnaðar suðuvéla
- uppfylla reglur um öryggismál

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við gerð verkefna og skili fagbóklegum verkefnum. Veruleg verkefni 60%. Fagbókleg verkefni 20%. Umgengni 10% Ástundun 10%.